

Mánudaginn 26. júnímánaðar.

Nr. 13/1899:

Réttvísinn

gegn

Jóhannesi Sigurðssyni.

## D ó m u r :

Hinn ákærði, hreppsnefndaroddviti Jóhannes Sigurðsson í Hindisvík, ritaði amtmanninum yfir Norður- og Austuramtinu bréf 15. ágústmán. f. á., og skaut þá til amtmannsins úrskurði sýslumannsins í Húnavatnssýslu um ágreining milli hreppsnefndanna í Þorkelshólshreppi og Þverárhreppi út af sveitfesti Guðlaugar nokkurrar Skarphéðinsdóttur og ráðstöfun á henni, en téðan úrskurð hafði sýslumaðurinn kveðið upp 11. maímán. næst á undan. Í áminstu bréfi til amtsins vitti hinn ákærði sýslumanninn í Húnavatssýslu, Gísla Ísleifsson, mjög fyrir meðferð hans á téðu sveitarmáli, og fór ýmsum móðgandi og óvirðandi orðum um hann. Út af þessu skipaði amtmáðurinn yfir Norður- og Austuramtinu með bréfi 14. sept. 1898 rannsókn og málshöfðun af réttvísinnar hálfu gegn hinum ákærða fyrir brot á móti 102. gr. í almennum hegningarlögum 25. júní 1869, og skipaði jafnframt setudómara í málinu. Að aflokinni rannsókn var síðan sakamál höfðað á hendur hinum ákærða, og var það dæmt í aukarétti Húnavatnssýslu hinn 31. okt. f. á. á þá leið, að ákærði á að greiða 200 kr. sekt til landssjóðs fyrir brot gegn 102. gr. hegningarlaganna, en til vara sæta 60 daga einföldu fangelsi; svo á hann og eftir á-

kvæðum dómsins, að greiða allan kostnað sakarinnar. Þessum dómi hefir verið skotið til yfirréttarins eftir beiðni hins ákærða.

Þó að hinn ákærði hafi í bréfinu til amtsins 15. ágústmán. f. á. haft margvísleg móðgandi og óvirðandi ummæli um sýslumanninn í Húnavatnssýslu og úrskurð hans í áminstu sveitfestismáli, jafnframt og hann leitaðist við að færa rök að því, að úrskurðurinn væri rangur, verður þó eigi álitid, að hann hafi vaðið upp á sýslumann með smánunum, skammaryrðum eða öðrum meiðandi orðum, þegar sýslumaðurinn var að gegna embætti sínu eða út af því, þannig, að atferli ákærða geti heimfærst undir ákæðið í 102. gr. hegningarlaganna. Með því að réttvísinn þannig eigi á sókn á tilverknaði hins ákærða, verður að sýkna hann í þessu máli bæði að því er refsing og málskostnað snertir. Eftir þessum úrslitum skal greiða allan sakarkostnað bæði í héraði og fyrir yfirdómi af almannafé, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda við yfirdóminn, er ákveðast 10 kr. til hvors þeirra. Það vottast, að rekstur málsins í héraði hefir verið vítalaus og málsfærslau við yfirdóminn lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði Jóhannes Sigurðsson á að vera sýkn af ákæru réttvísinnar í máli þessu. Allur sakarkostnaður bæði í héraði og fyrir yfirdómi greiðist af almannafé, þar með talin



málflutningslaun til sækjanda og verjanda við yfirdóminn, málsfærslumannanna Odds Gíslasonar og Einars Benediktssonar, 10 kr. til hvors.

Nr. 15/1899:

Réttvísni

gegn

Jóhanni Guðmundssyni.

### D ó m u r :

Með aukaréttardómi Reykjavíkurborgar, gengnum 16. januar þ. á., var hinn ákærði Jóhann Guðmundsson dæmdur fyrir þjófnað, framinn í 1. sinn, til að sæta 2×5 daga fangelsi við vatn og brauð og til að greiða allan af málinu og varðhaldinu leiðandi kostnað. Svo var honum og með dóminum gjört að greiða iðgjöld hins stolna, Jóni Árnasyni 21 krónu og Málfríði Ólafsdóttur 3 kr.

Þessum dómi hefir að beiðni hins ákærða verið áfrýjað til landsyfirdómsins.

Með eigin játningu hins ákærða og öðrum skýrslum, sem fengnar eru í málinu, er það löglega sannað, að hann 9. sept. f. á., er hann kom með gufubátinum »Reykjavík« ofan af Akranesi, stal úr poka, sem Málfríður nokkur Ólafsdóttir, er einnig var með skipinu, hafði meðferðis, hér um bil 35 pundum af smjöri og seldi það daginn eftir hér í Reykjavík 2 kaupmönnum; borgun fyrir smjörið fekk hann sumpart í peningum og sumpart í ýmsum vörum, sem hann eyddi og hag-